

4. Frumvarp

til laga um lestagjald af skipum.

(Lagt fyrir Alþingi 1921).

1. gr.

Af hverju skipi, sem er 12 smálestir brúttó eða stærra og skrásett hjer á landi, skal greiða í ríkissjóð 2 kr. gjald á ári af brúttósmálest. Hálf smálest eða meira telst heil, en minna broti skal slept.

2. gr.

Lögreglustjórar innheimta gjald þetta á manntalsþingum í fyrsta sinn 1922, og skal það greiðast í því lögsagnarumdæmi, sem skip er skrásett. Um greiðslu gjaldsins í ríkissjóði fer sem um önnur manntalsbókargjöld.

3. gr.

Gjald þetta hefur lögtaksrjett og gengur í 2 ár frá gjalddaga fyrir öllum veðkröfum í skipi.

4. gr.

Ef skip ferst, eða er rifið á fyrra helmingi almanaksárs greiðist ekkert gjald á því ári, en vilji þetta til síðar á árinu greiðist fult gjald.

5. gr.

Heimilt er með ákvæði í fjárlögum að hækka eða lækka gjald þetta fyrir 1 ár í senn.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1922.

Athugasemdir.

Skip hafa eigi verið sköttuð hjer á landi hingað til, að því undan- teknu, að af fiskiskipum hefur verið greiddur lausafjárskattur, en tiltölulega lágur. Hins vegar hafa önnur skip verið skattfrjáls. Þetta virðist eigi rjettmætt, því að skip má að ýmsu leyti setja í flokk með fasteignum, enda er svo að lögum. Og vissulega er eigi ástæða til að láta vera að skatta skip, þegar hver þúfa á landi og svo að segja hver húskofi er skattaður heinum skatti. Það skal að sönnu játað að það er fyrst á hinum síðari árum að þetta skiftir máli vegna þess að það er tiltölulega mjög skamt síðan skipafloti vor tók verulega að vaxa og nú má með sanni segja að hann vaxi hröðum fetum.

Skipastóll landsins mun nú nema 20000—25000 smál. svo að tekjur af frumvarpi þessu ættu, ef það verður að lögum, að verða 40—50 þús. kr. á ári.

Frumvarp þetta er að miklu leyti sniðið eftir frv., um sama efni, sem kom fram á Alþingi 1919 og var samþykkt í neðri deild, en dagaði uppi í efri deild.

Um einstakar greinar frv. virðist eigi þörf að ræða.

Það skal tekið fram, að ekki hefur þótt ástæða til að skatta minni skip en 12 smál. brúttó og verða þá minni skip skattfrjáls í líkingu við að mjög verðlitlum húsum og lóðum er slept við skatt.

Skattur þessi er miðaður við það að telja megi smálestina í skipum 1000 kr. virði og er hann þá 2 af þúsundi eins og gert er ráð fyrir í öðru frv. að greitt skuli af húsum og virðist skattur þessi ekki geta á neina hátt talist tilfinnanlegur.

Að öðru leyti visast til greinargerðar við frv. til laga um fasteignaskatt, sem lagt verður fyrir Alþingi samtímis þessu frv.